



Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sent á umsagnagátt Alþingis

Reykjavík 15. apríl 2024

Efni: Náttúruverndar- og minjastofnun, 831. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvubréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis frá 25. mars 2024 þar sem óskað var eftir umsögn samtakanna um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lagt til að nýrri Náttúruverndar- og minjastofnun verði komið á fót og að hún taki við starfsemi Vatnajökulspjóðgarðs, Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Minjastofnunar Íslands og þess hluta Umhverfisstofnunar er lýtur að náttúruvernd. Frumvarpið er liður í verkefni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sem kynnt var árið 2022 og miðar að því að endurskipuleggja stofnanakerfið líkt og nánar er rakið í frumvarpinu.

SA ásamt Samtökum Iðnaðarins (SI) skiluðu umsögn um áform um sameiningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins 13. júní 2023 þar sem samtökin fögnuðu áformunum og töldu breytingarnar mikilvægar í þágu hagræðingar og aukinnar skilvirkni í ríkisrekstri. Áréttuðu samtökin að minni tvíverknaður og skörun verkefna leiddi til betri nýtingar á því takmarkaða fé sem varið er til eftirlits, einföldunar á regluverki fyrir atvinnulífið og skilvirkari framkvæmd eftirlits, sbr. nánar framangreind umsögn samtakanna.

SA og SI skiluðu jafnframt umsögn um frumvarp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og minjastofnun í samráðsgátt stjórnvalda hinn 28. september 2023. Í umsögn samtakanna kom fram að þau fögnuðu frumvörpunum og töldu aukna skilvirkni ríkisstofnana öllum til hagsbóta. Vísast til framangreindra umsagna þessari umsögn til fyllingar.

Samtök atvinnulífsins hafa um langt skeið talað fyrir tækifærum til sameiningar ríkisstofnanna, sbr. t.a.m. umsögn samtakanna um frumvarp til laga um niðurfellingu laga nr. 81/1997, um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, umsögn samtakanna um frumvarp um Loftslags- og orkusjóð og umsögn samtakanna um frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóðinn Kríu. Samtökin telja frumvarpið mikilvægt skref í þágu hagræðingar og skilvirkni í ríkisrekstri.

Í ljósi þess sem að framan greinir styðja samtökin að frumvarpið nái fram að ganga og verði samþykkt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins